



6. júlí, 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hvali, þskj. 141 – 112. mál**

Að beiðni forseta líf- og umhverfisvísindadeildar Háskóla Íslands hefur undirritaður lesið umrætt frumvarp og leggur til að 2. mgr. 7. gr. hefjist svo:

„Ráðherra setur ítarlegar reglur um veiðiútbúnað og veiðiaðferðir við veiðar á einstökum hvalategundum, þar á meðal smáhvölum, og skulu þær reglur aldrei ganga skemur en reglur sem settar hafa verið í alþjóðlegum samþykktum um það efni, enda sé Ísland aðil að þeim.”

Undirstrikuðu orðin eru viðbót við texta frumvarpsins. Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar við frumvarpið.

**Greinargerð**

Ekki er að sjá á frumvarpinu að neinar reglur eigi að gilda um veiðar, veiðiaðferðir eða hæfni veiðimanna þegar um er að ræða smáhvali, eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpinu. Þetta er í hróplegu ósamræmi við þau ákvæði frumvarpsins sem fjalla um veiðar á þeim hvölum sem veiða má í atvinnuskyni. Einnig má benda á 9. og 11. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 þar sem settar eru skýrar reglur um leyfilegar veiðiaðferðir og gerðar strangar kröfur um hæfni veiðimanna. Þá má benda á 11. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða, þar sem eru nákvæmar reglur um lágmarksstærð vopna og skotfæra sem nota má við hreindýraveiðar. Slíkt þykir eðlilegt þegar um er að ræða millistóra bráð á borð við hreindýr og því ætti það ekki síður að vera mikilvægt þegar um er að ræða veiðar á smáhvölum sem flestir eru stærri en hreindýr (t.d. eru grindhvalir gjarnan 1-2 tonn og háhyrningar 5-10 tonn).

Höfundar frumvarpsins hafa greinilega leitt hugann að þessum þætti því að í athugasemdum með 7. gr. frumvarpsins segir orðrétt: „Eitt þeirra atriða sem mikil áhersla hefur verið lögð á í tengslum við veiðiaðferðir er að veiðarnar séu sem mannúðlegastar og að aflifun dýra taki sem skemmstan tíma.” Ekki verður séð hvers vegna slíkt ætti ekki líka að gilda um smáhvali. Þess vegna er mikilvægt að skotið verði inn í frumvarpið undirstrikuðu línunni hér að ofan til að taka af allan vafa um að mannúð eigi einnig að viðhafa við veiðar á smáhvölum.

Virðingarfyllt,

Páll Hersteinsson, D.Phil.  
prófessor